



Menntaskólinn við Sund á grænni grein

**Greinargerð vegna vinnu við
Grænfánaverkefnið 2020-2022**



Inngangur

Menntaskólinn við Sund skráði sig í verkefnið Skólar á grænni grein vorið 2020. Haustið 2020 var hafist handa við að vinna að grænfánanum m.a. með stofnun umhverfisnefndar nemenda. Umhverfisnefnd starfsmanna hafði verið starfandi um nokkurra ára skeið og m.a. tekið þátt í vinnu við að koma skólanum í gegnum Græn skref í ríkisrekstri, en MS var fyrsti skóli á landinu til að stíga öll fimm skrefin til fulls.

Ýmislegt hefur verið gert til að bæta umhverfismál innan skólans í gegnum tíðina, ekki síst með tilkomu skráningar hans í grænfánaverkefnið. Hér á eftir verður fjallað um það sem ráðist hefur verið í undanfarin ár með sérstakri áherslu á síðastliðið skólaár.

Skref 1: Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd nemenda var stofnuð árið 2020. Í upphafi var um óformlega nefnd að ræða sem fundaði óreglulega og kom aðallega að skipulagi umhverfisviku sem haldin var í fyrsta skipti vorið 2021 (sjá nánar síðar).

Veturinn 2021-2022 starfaði formleg umhverfisnefnd nemenda í fyrsta skipti. Stofnaður var áfangi í kringum nefndina sem nær yfir allt skólaárið (þrjár annir) og eru fundir haldnir einu sinni í viku. Nemendur fá fimm einingar fyrir setu í nefndinni allt skólaárið.

Í umhverfisnefnd nemenda eru þau Anna Brynja Davíðsdóttir, Anna Katrín Bjarkadóttir, Ásmundur Viggósson, Elísa Eir Kristjánsdóttir Jansen og Lilja Eiríksdóttir. Auk þess komu fleiri nemendur að starfi nefndarinnar.

Nemendur áfangans sáu um framkvæmd skrefanna sjö að undanskildum skrefum nr. 5 og 7 sem voru í höndum kennara, stjórnenda og umhverfisnefndar starfsfólks.

Umhverfisnefnd starfsfólks hefur verið starfandi um árabil við skólann og hefur fundað óreglulega og eftir þörfum. Lykilmaður í þeirri nefnd er umsjónarmaður fasteignar, Gunnlaugur, sem hefur starfað þétt með umhverfisnefnd nemenda í vetur og mætt á fundi með nefndinni eftir þörfum. Einnig eru í umhverfisnefnd starfsfólks tveir stjórnendur, skrifstofustjóri, fjármálastjóri og kennarar í umhverfisfræði.

Skref 2: Mat á stöðu umhverfismála

Umhverfisnefnd nemenda valdi sér tvö þemu til að vinna eftir þetta skólaárið, *neyslu og úrgang* og *loftslagsbreytingar og samgöngur*. Nefndin mat stöðu umhverfismála með því að fylla út gátlista fyrir þemun tvö auk þess sem gamli gátlistinn (sem var í gildi fyrir endurskoðun) var fylltur út. Í kjölfarið voru sett markmið sem unnið var að um veturinn.

Skref 3: Áætlun um aðgerðir og markmið

Nefndin setti sér eftirfarandi markmið og skilgreindi aðgerðir fyrir hvert og eitt þeirra:

- Að bæta flokkun (og minnka úrgang)
- Að bæta umhverfismál í mötuneyti
- Að auka sjálfbærar samgöngur
- Að virkja nemendur með í umhverfismálum
- Að vekja athygli á umhverfismálum

Sjá má aðgerðir innan hvers markmiðs ásamt ábyrgðaraðila, efni og áhöldum og mati í markmiðssetningareyðublaði í fylgiskjali.

Í næsta skrefi, eftirlit og endurmat, verður útlistað hvernig til tókst með hvert markmið og þær aðgerðir sem skilgreindar voru.

Skref 4: Eftirlit og endurmat

Umhverfisnefnd nemenda sá um eftirlit og endurmat. Á fundum var rætt hvernig skyldi ná fram markmiðunum, hvernig framvinda þeirra gengi og hvort gera þyrfti breytingar. Á fundum og á milli funda fór framkvæmd þeirra fram. Hér á eftir fer umræða um aðgerðir, framkvæmd og framvindu hvers og eins markmiðs:

1. Að bæta flokkun og minnka úrgang:

Nemendur fóru um skólann og skoðuðu alla flokkunarbása og komu með tillögur að breytingum sem þau báru undir skólastjórnendur. Nemendur í samvinnu við umsjónarmann fasteigna komu með þá tillögu að fækka flokkunarbásum og hafa alla flokka á öllum stöðum en fækka almennum tunnum. Tekið var vel í þeirra tillögur og unnu nemendur að breytingunum í samvinnu við umsjónarmann fasteigna.

Aðgerðir:


- a) *Merkja tunnur með veggspjöldum:* Nemendur útbjuggu veggspjöld sem sett voru í ramma við hverja flokkunartunnu til að vekja athygli á hvað ætti að fara í hverja tunnu.
- b) *Tyggjó og nikótínþúðar í almennt rusl:* Vakin var athygli á því á veggspjöldunum að tyggjó og nikótínþúðar ættu að fara í almennt rusl þar sem margir nemendur vissu ekki hvernig það væri flokkað.
- c) *Fleiri málmunnur:* Nefndin komst að því að engin málmunnur var í skólanum og vildi breyta því. Í vinnu við að fá málmunnur komst hún hins vegar að því að málmur má setja með plasti og er hann svo seglaður frá á móttökustöðvum. Þess vegna var horfið frá því að fá sérstaka málmunnur og var plasttunnan merkt þannig að fólk áttaði sig á að málmur mætti fara í þá tunnu.
- d) *Bæta við pappírstunnu við mötuneyti og við borðtennisborðið (og bæta við öðrum flokkum þar sem vantar):* Nefndin kannaði hvar vantaði flokkunartunnur og gerði bragarbót á því með hjálp húsvarðar.

- e) *Fækka almennum tunnum*: Almennum tunnum var fækkað og eru þær ekki á öllum flokkunarstöðvum.
- f) *Hafa könnun í upphafi og lok tímabils til að kanna hvort fólk flokki rusl og hvað hægt sé að gera til að bæta flokkun*: Könnun var gerð í upphafi tímabils sem leiddi í ljós að flestir nemendur og starfsfólk flokka rusl í MS eða 88,2% aðspurðra sögðust flokka það sem til fellur alltaf eða oftast (sjá Mynd 1). Könnunin verður endurtekin í umhverfisviku í lok annar til að kanna hvort aukinn sýnileiki og breytingar á flokkunarmálum hafi skilað árangri.

Flokkar þú rusl í MS?

119 svör

 Afrita



Mynd 1: Á myndinni má sjá að flest aðspurðra í MS flokka það sem til fellur oftast (4) eða alltaf (5)

- g) *Fataskiptamarkaður nemenda og kennara*: Fataskiptaslá er bæði á kaffistofu starfsfólks og á göngum skólans. Slárnar eru uppi allt árið og er öllum frjálst að koma með og taka flíkur eftir því sem hentar. Þetta er liður í því að minnka neyslu nemenda.

Annað sem gert hefur verið til að minnka úrgang er m.a. að í skólanum er bókaskiptimarkaður þar sem hægt er að koma með bækur og taka að vild.

2. Að bæta umhverfismál í mötuneyti

Nemendur fóru á fund umsjónarmanns mötuneytis með tillögur að breytingum. Einhverjar breytingar voru þess eðlis að ræða þurfti við framkvæmdastjóra Krúsku sem rekur mötuneytið. Tekið var mjög vel í allar tillögurnar og eru þær flestar orðnar að veruleika.

- a) *Sleppa því að setja plastfilmur á brauð og samlokur*: Magn plastfilma hefur minnkað verulega og eru brauð og samlokur almennt ekki í umbúðum í mötuneyti yfir daginn.
- b) *Minna magnið af plasti sem er utan um matinn sem kemur í skólann*: Tekið var vel í þessa tillögu en ekki er vitað hvort árangur hafi náðst.
- c) *Henda minna af mat*: Tekið var vel í þessa tillögu t.d. með því að selja dagsgamlan mat á lægra verði og hafa hæfilega matarskammta. Einnig er veggspjald í mötuneyti þar sem fólk er hvatt til þess að minnka matarsóun.
- d) *Bæta úrval af veganmat mötuneyti*: Í hádegi er alltaf í boði að fá heitan veganmat. Úrval á öðrum veganmat var ábótavant en hefur aukist eftir tillögu frá umhverfisnefnd og eru nú veganvalkostir í boði í borði auk þess sem sérstök merking er í borði um hvað er vegan.


- e) *Hvetja mötuneyti til að hafa meira úr heimabyggð*: Tekið var vel í þessa hugmynd og eru flestar vörur í mötuneyti úr heimabyggð.

3. Að auka sjálfbærar samgöngur

Nemendur höfðu áhuga á að bæta hlut sjálfbærra samgangna við skólann en þeirra tilfinning var að meirihluti þeirra sem sækja skólann komi á bíl.

- a) *Hafa könnun í upphafi og við lok tímabils til að kanna hvort fólk komi meira með sjálfbærum hætti*: Könnun var gerð í upphafi tímabils til að kanna með hvaða hætti nemendur og starfsfólk kæmu í skólann. Langflest aðspurðra, eða 63,9% koma á bensínbíl í skólann (sjá mynd 2). Hins vegar sögðu 35% þeirra að þau gætu með auðveldum hætti komið með sjálfbærum samgöngum, þ.e. gangandi, hjólandi eða með strætó eða öðrum sjálfbærum leiðum. Það eru því miklir möguleikar á bætingu hér. Könnun verður lögð fyrir í umhverfisviku til að kanna hvort hvatning til að ferðast með sjálfbærum hætti hafi áhrif.
- b) *Hvetja nemendur og starfsfólk til að koma með sjálfbærum hætti*: Gerðar voru glærur á skjái skólans sem hvöttu nemendur og starfsfólk til að ferðast með sjálfbærum hætti í skólann. Einnig tók skólinn þátt í árvekniátaki Lýðheilsustöðvar Lífshlaupinu og var þá hvatt til þess að koma gangandi eða hjólandi í skólann.
- c) *Samgöngukeppni*: Stefnan var að hafa samgöngukeppni í umhverfisviku þar sem nemendur og starfsfólk færu í keppni um hver kæmi oftast á sjálfbæran hátt í skólann. Útfærslan var rædd fram og til baka á fundum en ákveðið var að hverfa frá þessari hugmynd þar sem ekki fannst lausn á því hvernig hægt væri að kanna hvort þátttakendur segðu satt og rétt frá. Í staðinn var ákveðið að einbeita sér að ljósmyndasamkeppni (sjá síðar í greinargerðinni).

Með hvaða hætti kemur þú oftast í skólann? (Má merkja við fleiri en einn möguleika)
119 svör



Mynd 2: Á myndinni má sjá að langflest aðspurðra koma á bensínbíl í skólann

Annað sem gert hefur verið í tengslum við sjálfbærar samgöngur er m.a. að við skólann er stórt hjólaskýli þar sem hægt er að geyma hjól og eru hleðslustöðvar fyrir rafhjól við nokkur hjólastæði, nokkrar rafhleðslustöðvar fyrir rafbíla eru við skólann. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar sem ekki hefur verið hrint í framkvæmd, t.d. að rukka fyrir bílastæði og að hafa samgöngustyrk fyrir starfsfólk sem kemur með sjálfbærum hætti í og úr vinnu. Einnig hefur skólinn lagt áherslu á að kolefnisjafna allar ferðir sem farnar eru á vegum skólans.

4. Að virkja nemendur með í umhverfismál

Nemendur komu með ýmsar hugmyndir að því hvernig mætti virkja samnemendur í umhverfismálum. Aukinn sýnileiki umhverfismála t.d. með áberandi merkingum við flokkunarstöðvar, fataskiptaslám og bókaskiptamarkaði er liður í þessu.

- a) *Ljósmyndasamkeppni*: Til að auka virkni nemenda í umhverfismálum var ákveðið að hafa ljósmyndasamkeppni þar sem nemendur taka mynd af sér að gera umhverfisvæna hluti og senda á umhverfisnefndina. Samkeppnin fer fram í umhverfisviku og verða verðlaun í boði frá umhverfisvænum fyrirtækjum.
- b) *Fá styrk fyrir verðlaunum*: Nemendur höfðu samband við fyrirtæki sem vinna með umhverfisvænar lausnir til að fá verðlaun. Þegar þetta er ritað var ekki komið staðfest svar um verðlaun en við erum vongóð um að það takist.

5. Að vekja athygli á umhverfismálum innan skólans

Mikilvægt er að vekja athygli á því sem gert er innan skólans, eftirfarandi hefur verið gert í þeim efnum, nánari útlitun á þessum atriðum ásamt fleirum er í skrefi 6, *að upplýsa og fá aðra með*.

- a) *Umhverfisvika*: Fyrir skólaárið 2020-2021 sótti skólinn um styrk til Sprotasjóðs um að halda umhverfisviku vorið 2021. Styrkur fékkst fyrir vikunni og var ákveðið að gera hana að árvissum viðburði. Vikan var því haldin í fyrsta skipti 2021 og tókst hún afar vel. Nánar verður fjallað um hana síðar í greinargerðinni. Í ár er umhverfisvikan í höndum umhverfisnefndar nemenda sem sér um skipulag vikunnar. Að þessu sinni verður ljósmyndasamkeppni með verðlaunum, stærri fataskiptamarkaður á áberandi stað í skólanum, myndbönd sem nemendur hafa unnið verða sýnileg á göngum skólans auk þess sem viðburður verður þar sem skólinn fær grænfanann vonandi afhentan.
- b) *Kynningar*: Fulltrúar umhverfisnefndar kynntu umhverfisnefndina og markmið hennar á kennarafundi og ræddu það sem betur má fara í umhverfismálum innan skólans. Nemendum var fagnað og þau hvött áfram í frekari vinnu við umhverfismál innan skólans.
- c) *Glærur á skjám*: Nemendur útbjuggu glærur um áherslumál sín sem hafa verið sýnilegar á skjám á göngum skólans drjúgan hluta vetrar. Reglulega er skipt um glærur og hafa mismunandi málefni verið tekin fyrir.
- d) *Myndband*: Umhverfisnefndin vann í samstarfi við Landvernd og fagmann í kvikmyndagerð, myndband sem sýnt var á ráðstefnu Skóla á grænni grein og fjallar um það sem þau eru að gera í umhverfismálum innan skólans þennan veturinn. Myndbandið er aðgengilegt á Youtube og á vefsíðum MS og Landverndar.

Þess má að lokum geta að skólinn hefur stigið öll grænu skrefin fimm í ríkisrekstri og fékk viðurkenningu fyrst allra framhaldsskóla þess efnis í febrúar 2021. Ekki verður farið nánar í það í þessari greinargerð sem unnið var í tengslum við grænu skrefin.

Skref 5: Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Í Menntaskólanum við Sund er lögð rík áhersla að allir nemendur fái menntun um umhverfismál. Áfangi í umhverfisfræði er skyldufag fyrir alla nemendur skólans auk þess kennarar eru hvattir til að vinna með umhverfismál með einhverjum hætti í öllum fögum. Sérstök áhersla er lögð á þetta í umhverfisvikunni þar sem öllum kennurum er uppálagt að koma umhverfismálum að með einum eða öðrum hætti í sinni kennslu. Í vinnslu er vefsíða um umhverfismál sem kennarar í umhverfisfræði fengu styrk til að gera.

Heimsmarkmiðin eru mikilvægur hluti skólastarfsins og er unnið með þau í nokkrum áföngum þó sérstaklega í umhverfisfræði og lýðræðisvitund, en síðarnefndi áfanginn er einnig skyldufag við skólann. Einnig er þeim komið að í fleiri fögum.

Grunnþættir aðalnámskrár fá allir vægi í fögum skólans. Þannig er unnið með sjálfbæri, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi í áföngum eins og umhverfisfræði og lýðræðisvitund; heilbrigði og velferð fá vægi í lýðheilsufræði og næringarfræði en sá fyrrnefndi er skyldufag við skólann; sköpun fær vægi í þeim skapandi greinum sem kenndar eru við skólann en öflug listalína er við skólann með fögum á borð við leirmótum, fatahönnun, raftónlist og myndlist; læsi er að sjálfsgöðu stór hluti af náminu ekki bara læsi á bókina heldur einnig læsi á umhverfi, samfélag, miðla svo fátt eitt sé nefnt.

Nemendur í umhverfisfræði hafa jafnframt tekið þátt í verkefninu *Ungt umhverfisfréttafólk* og eru árlega send inn nokkur verkefni í keppnina. Nemandi við skólann hefur m.a. náð þriðju verðlaunum fyrir vefsíðu um fatasóun.

Skref 6: Að upplýsa og fá aðra með

Mikilvægur hluti verkefnisins er að allt skólasamfélagið sé upplýst um það sem gert er í umhverfismálum. Umhverfisnefndin hefur reynt að standa sig í þeim efnum og hefur eftirfarandi m.a. verið gert:

- *Umhverfisvika*: Stærsti liðurinn í því að upplýsa og fá aðra með er umhverfisvika MS sem haldin var í fyrsta skipti vorið 2021. Mikil vinna fór í skipulagningu vikunnar sem var í höndum kennara og nemenda í umhverfisnefnd. Einnig var stofnað teymi, skipað einum kennara úr hverju fagi, sem kom að skipulagningunni. Nemendur í umhverfisfræði aðstoðuðu jafnframt við skipulagningu og unnu m.a. myndbönd sem tengdust ákveðnum málaflokkum sem sýnd voru á göngum skólans og voru með bása víðsvegar um skólann til að vekja athygli á umhverfismálum og Heimsmarkmiðum SP. Haldinn var viðburður í sal skólans sem streymt var í allar stofur. Tveir fyrirlesarar voru fengnir á viðburðinn, þau Sævar Helgi Bragason og Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir, auk þess hélt Nemandi við skólann, Karítas Sól Þórisdóttir, erindi en hún situr í stjórn ungmennaráðs Félags SP á Íslandi. Auk þess voru sýnd myndbönd sem nemendur höfðu unnið. Í vikunni fléttuðust umhverfismál inn í langflest fög skólans og var afraksturinn sýnilegur á vefsíðu sem gerð var í tengslum við vikuna, en þar má einnig finna nánari upplýsingar um það sem gert var, sjá hér: [umhverfisvika í MS](#). Í ár hefur vikan ekki enn farið fram en hún fer fram vikuna 25. - 29. apríl. Til stendur að halda ljósmyndasamkeppni um umhverfismál, sýna myndbönd og önnur verkefni sem nemendur hafa unnið, hafa fataskiptamarkað og halda viðburð þar sem skólinn fær vonandi grænfanaviðurkenninguna afhenta.

- *Kynning á námsefni um umhverfismál á menntabúðum:* Undirrituð hélt erindi á menntabúðum um námsefni í menntun til sjálfbærni og kynnti í leiðinni áherslur grænánaverkefnisins.
- *Kynning umhverfisnefndar á markmiðum grænánaverkefnisins innan skólans:* Fulltrúar úr umhverfisnefnd ásamt undirritaðri kynntu grænánaverkefnið og áherslur þess innan skólans á starfsmannafundi.
- *Kynning umhverfisnefndar á umhverfisviku:* Fulltrúar umhverfisnefndar kynntu umhverfisvikuna á starfsmannafundi, hvað verður á dagskrá og hvað verður gert.
- *Kynningarmyndband á ráðstefnu skóla á grænni grein:* Umhverfisnefnd nemenda vann, í samstarfi við Landvernd og fagmann í kvikmyndagerð, myndband sem sýnt var á ráðstefnu Skóla á grænni grein og fjallar um það sem þau eru að gera í umhverfismálum innan skólans þennan veturinn. Myndbandið er aðgengilegt á Youtube og á vefsíðum MS og Landverndar og var jafnframt sent öllu starfsfólki skólans í upplýsingapósti.
- *Umhverfiskönnun:* Umhverfiskönnun sem unnin var af umhverfisnefnd var send á allt starfsfólk og alla nemendur og tóku 119 manns þátt í könnuninni. Sambærileg könnun verður send í umhverfisviku til að fá tilfinningu fyrir því hvort árangur hafi náðst.
- *Tölvupóstur og samfélagsmiðlar með upplýsingum um mikilvæg málefni:* Tölvupóstur eru sendir til starfsfólks og nemenda til að minna á mikilvæg málefni t.d. umhverfisviku. Einnig koma slíkar upplýsingar fram á samfélagsmiðlum.
- *Glærur á skjám:* Umhverfisnefndin er með sérstakan sess á skjám skólans en drjúgan hluta vetrar eru skilaboð frá umhverfisnefnd á skjánum. Reglulega er skipt um glærur og hafa mismunandi málefni verið tekin fyrir.
- *Vefsíða um sjálfbærni og umhverfismál:* Í vinnslu er vefsíða um sjálfbærni og umhverfismál sem kennarar í umhverfisfræði eru að vinna að. Vefsíðan verður notuð í kennslu um sjálfbærni og umhverfismál en á vefsíðunni mun einnig koma fram það sem skólinn er að vinna að í tengslum við umhverfismál, t.d. í Grænánaverkefninu og Grænum skrefum.

Skref 7: Umhverfissáttmáli/umhverfisstefna

Skólinn hefur sett sér ítarlega umhverfisstefnu sem finna má á vefsíðu Menntaskólans við Sund, sjá hér: <https://www.msund.is/skolinn/stefna-skolans/umhverfisstefna>

Stefnan er í stöðugri endurskoðun. Nemendur í umhverfisnefnd kynntu sér stefnuna en ekki náðist að gera athugasemdir og endurbætur áður en þessi greinargerð var rituð en til stendur að yfirfara hana fyrir lok vetrar.

Lokaorð

Menntaskólinn við Sund hefur unnið ötullega að umhverfismálum um árabíl. Með skráningu í Grænánaverkefnið hefur áherslan á virkni nemenda aukist talsvert og var í fyrsta skipti í vetur boðið upp á sérstakan áfanga þar sem nemendur leiða vinnu í átt að því að fá grænánann afhentan. Það er okkar von að sú vinna beri tilætlaðan árangur og að skólinn fái fyrsta grænánann afhentan í umhverfisvikunni 25. - 29. apríl 2022.